

	rd.	sk.	1872.
handan að . . .	2,570	rd.	19,028. 72
8. til skólahússins utanstokks og innan	1,285	—	26. febrúar.
9. til tímakennslu	530	—	
10. ölmusur við hinn lærða skóla	4,000	—	
11. fyrir að semja reikninga skólans	100	—	
12. fyrir skrifstörf og útreikninga	100	—	
13. fyrir prestsverk	24	—	
14. þóknun handa lækni	30	—	
15. ýmisleg útgjöld	600	—	
			9,239.
samtals . . .			28,267. 72

8. grein.

Eptirlaun eru talin 11,000 rd.

9. grein.

Til ýmislegra óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, eru ætlaðir 6,000 rd., og eru hér með taldir 2,000 rd., sem útgjöld fyrir fullt og allt til þess að setja í verk tilskipun um póstmál á Íslandi.

10. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 20,198 rd. 45 sk., skal leggja til hjálparsjóðsins.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til hins konunglega landbústjórnarfélags, um styrk handa íslenskum jarðyrkjumanni. 27. febrúar.

Með bréfi 24. p. m. hefir hið konunglega danska landbústjórnarfélag sent hingað bænarskrá nokkra frá Ólafi Sveinssyni af Íslandi um það, að honum verði fengin nokkur tilnefnd verkfæri til vatnsveitinga, og jafnframt vitnisburð, sem mælir með sækjanda frá vatnsveitingamanni *Jørgensen*, sem hin síðustu ár hefir staðið fyrir vatnsveitingum á engi og af í suðurumdæmi Íslands;

1872.

27. febrúar.

jafnframt hefir landbústjórnarfélagið, sem byggir á því, að Ólafur Sveinsson muni, ef til vill, eptirleiðis geta tekið að sér störf þau, sem tæður *Jørgensen* hefir haft á hendi, borið upp þá spurningu, hvort dómsmálastjórnin sè fús til, ef félagið borgi helminginn fyrir verkfæri þau, sem Ólafur Sveinsson hefir sókt um, — en kaupverðið mun verða alls 50 rd., — að borga hinn helminginn af sjóði Íslands, og hefir félagið bætt því við, að það vili gangast undir, að borga allan kostnaðinn til bráðabirgða fyrirfram.

Útaf þessu gefst félaginu til vitundar, því til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin eptir kringumstæðunum skal vera fús á að greiða helminginn af því fè, sem með þarf í þessu skyni.

Fylgiskjölín sendum vèr félaginu aptur með þessu bréfi.

28. febrúar.

26. Bréf dómsmálaráðherrans til stiptamtmanns Hilmars Finsens, um það, að hann takist ferð á hendur til Kaupmannahafnar.

Með tilskipun um póstmál á Íslandi, sem út kom 26. þ. m., er svo fyrir mælt, að stiptamtmaður skuli hafa á hendi stjórn þessara póstmála þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi. Útaf þessu verð eg að álíta það hagfellt, að þèr dvelið hèr nokkurn tíma í Kaupmannahöfn, áður en tæð tilskipun öðlast gildi, til þess að kynna yður svo nákvæmlega sem unnt er störf þau, sem póststjórninni eru samfara.

Eg skal þessvegna mælast til þess, að þèr, herra stiptamtmaður, sjáið um, að embætti því, sem yður er trúað fyrir, verði stjórnáð tilhlýðilega í fjærvist yðar, og að þèr takist ferð á hendur hingað með póstgufuskipinu, er það fer hingað aptur fra Íslandi í fyrstu ferð sinni á þessu ári, ef þèr eigið hægt með það, en að öðrum kosti með þeirri ferð skipsins, sem eptir ferða-áætluninni byrjar frá Reykjavík 17. júní, og skal þess jafnframt getið, að kostnaðurinn við ferð yðar hingað og dvöl hèr mun verða yður endurgoldinn eptir sömu reglum og áður.